

Pink Iceland  
Hverfisgata 39  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2024  
UST202405-081/S.V.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir viðburði í Snæfellsjökulspjóðgarði**

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Pink Iceland, dagsetta, 8. maí 2024, um leyfi til viðburðarhalds innan Snæfellsjökulspjóðgarðs ásamt viðbótargögnum sem bárust 15. maí 2024.

Snæfellsjökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. auglýsingu nr. 935/2021. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds innan þjóðgarðsins.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að halda brúðkaupsathöfn á Djúpalónsandi 28. júní 2024. Gert er ráð fyrir um 20 manns í heild, 10 gestum og starfsfólki, þar af einum ljósmyndara sem mun mynda viðburðinn. Klappstólum verður komið fyrir fyrir gesti og einu borði, þar sem veitingar verða bornar fram að lokinni athöfn og verður það borið inn á svæðið. Ráðgert er að uppsetning, athöfn og frágangur taki um þrjár klukkustundir, kl. 11-14. Með umsókninni fylgdi kort sem sýnir staðsetningu athafnarinnar.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúru og lífríki á svæðinu. Stofnunin metur að verkefnið muni þó geta haft áhrif á aðra gesti á svæðinu. Athygli er vakin á að búast má við fjölda gesta á svæðinu þennan dag, bæði þar sem um háannatíma er að ræða en einnig vegna dagsferðalanga frá skemmtiferðaskipi sem verður í höfn á Snæfellsnesi þennan dag. Takmörkuð bílastæði eru við Djúpalónsand og gera má ráð fyrir miklum fjölda bíla og rúta á þeim tíma sem athöfnin fer fram. Stofnunin metur að sé farið eftir skilyrðum leyfisins sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Pink Iceland fyrir sitt leyti leyfi fyrir brúðkaupsathöfn og móttöku 10 gesta á Djúpalónsandi innan Snæfellsjökulspjóðgarðs sbr. lýsingu hér að ofan 28. júní 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Tilkynna skal til þjóðgarðsvarðar og/eða yfirlandvarðar í þjóðgarðinum hvenær verkefnið hefst og hvenær því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Takmarka skal fjölda bíla á bílastæði fyrir ofan Djúpalónsand, þar sem þar eru takmörkuð bílastæði. Bílum skal lagt á efra bílastæði við þjóðveginn, þannig að aðeins einum bíl verði lagt á bílastæðinu við Djúpalónsand.
- Ekki skal fara út fyrir skipulagða göngustíga á grónum svæðum.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga vegna viðburðarins skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Öðrum gestum á svæðinu verði ljóst um hvers kyns viðburður sé í gangi, með merkingum og/eða starfsfólki í merktum fatnaði.
- Vanda skal frágang og ummerki að loknum viðburði. Starfsmenn tryggji að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi. Einnig að tryggt verði að merkingar og munir sem verða notaðar í tengslum við viðburðinn verði fjarlægðar strax að honum loknum.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins og tryggji að viðburðurinn valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Óheimilt er að hamla aðgang annarra gesta að svæðinu og/eða teppa umferð á göngustígum/bílastæðum innan svæðisins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um viðburðum og athöfnum er kr. **62.400**. sbr. 29. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með viðburðinum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af landverði þjóðgarðsins.

Virðingarfyllt

Hákon Ásgeirsson  
**þjóðgarðsvörður**

Sigrún Valgarðsdóttir  
**sérfræðingur**